

Samkvæmt 25. gr. laganna dæmir Félagsdómur í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á þeim lögum og með því að hér er um þess konar ágreining að ræða, er því réttilega stefnt fyrir Félagsdóm. Verður frávisunarkrafa stefnda samkvæmt því eigi tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað þegar málið verður dæmt að efni til.

Úrskurðarorð:

Frávisunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

---

Mánudaginn 12. nóvember 1962.

Nr. 4/1961. **Landssamband íslenzkra verzlunarmanna**

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómari samkvæmt 48. gr. laga nr. 80/1938 Benedikt Sigurjónsson í stað Einars Arnalds.

Sambandi stéttarféлага dæmdur réttur til inngöngu í Alþýðusamband Íslands. Sératkvæði.

**Dómur:**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 5. apríl f. á., af Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna, gegn Alþýðusambandi Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda, Alþýðusambandi Íslands, verði dæmt skylt að veita stefnanda, Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna, inngöngu í Alþýðusamband Íslands með fullum og óskertum félagsréttindum sem stéttarfélagasambandi, og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Í upphafi máls þessa krafðizt stefndi þess, að málinu yrði vísað frá Félagsdómi, og var sú krafa tekin til greina með dómi Félagsdóms 22. febrúar þ. á. Þennan frávísunardóm kærði stefnandi til Hæstaréttar, sem vísaði málinu á ný til Félagsdóms 4. apríl þ. á. Í júnimánuði s.l. var málið flutt að efni til í Félagsdómi og þá tekið til dóms, en 21. sama mánaðar var kveðinn upp úrskurður um öflun fleiri gagna, svo sem síðar verður vikið að. Var málið því næst flutt munnlega 26. f. m. og dómtekið þá, en sökum mikilla anna hefur orðið nokkur dráttur á dómsuppsögu.

Málavextir og tildrög málsins eru þessi:

Árið 1957 stofnuðu 7 félög skrifstofu- og verzlunarfólks Landssamband íslenzkra verzlunarmanna, L. Í. V. Þremur árum síðar, árið 1960, voru sambandsfélögin talin vera 20 að tölu með um það bil 3500 félagsmönnum, en nú eru þau talin 19. Á sambandsþingi L. Í. V. í maímánuði 1959 var samþykkt að sækja um inngöngu í Alþýðusamband Íslands og var þeirri ákvörðun framfylgt með inntökubeiðni stefnanda, dags. 14. júlí 1960. Stjórn alþýðusambandsins sendi þessa umsókn til umsagnar millipinganefndar alþýðusambandsins í laga- og skipulagsmálum, sem kosin hafði verið á alþýðusambandsþingi árið 1958, en sú nefnd var skipuð 6 mönnum og hafði fengið það hlutverk, að vinna ásamt miðstjórn alþýðusambandsins að skipulags- og lagamálum þess. Samkvæmt frásögn stefnda klofnaði nefndin um það, hvort veita skyldi stefnanda inngöngu í alþýðusambandið. Munu þrir nefndarmanna hafa viljað synja stefnanda um inngöngu, og fært fram þau rök fyrir því, að skipulag alþýðusambandsins væri í deiglunni og breyting væntanleg á því, enda væri skipulag stefnanda (L. Í. V.) annað en skipulag þeirra starfsgreinafélaga, sem þegar hefðu verið tekin í alþýðusambandið. Hinir þrir nefndarmennirnir munu hins vegar hafa viljað veita stefnanda inngöngu að tilskildum nokkrum breytingum á samþykktum hans og að undangenginni endurskoðun á

félagaskráum þeirra félaga verzlunar- og skrifstofufólks, sem í því sambandi voru. Varð niðurstaða miðstjórnar alþýðusambandsins sú, að hún synjaði stefnanda um inn-göngu. Kom málið þvínæst fyrir alþýðusambandsþing árið 1960. Á því þingi var borin fram svohljóðandi tillaga af stjórn alþýðusambandsins:

„27. þing Alþýðusambands Íslands staðfestir þá samþykkt miðstjórnar sambandsins að synja um sinn inntöku-beiðni Landssambands íslenzkra verzlunarmanna meðan skipulagsmál alþýðusambandsins eru í deigluinni.

Jafnframt vill þingið lýsa því yfir, að alþýðusambandið er reiðubúið til að veita L. Í. V. alla aðstoð í hagsmunabaráttu verzlunarfólks, sem það getur í té látið, og felur miðstjórn að gera um það efni bindandi samning við L. Í. V., ef það óskar þess.“

Samkvæmt gögnum málsins er svo að sjá, að við flutning þessarar tillögu hafi, svo sem hún ber með sér, verið lögð megináherzla á það, að synjun um inntöku væri bygd á því, að fyrir dyrum stæðu skipulagsbreytingar á alþýðusambandinu, en hins vegar sézt eigi, að að því hafi verið vikið, að eðli og tilgangur L. Í. V. væri með þeim hætti, að það samband ætti af þeim sökum ekki heima í alþýðusambandinu. Hins vegar sést, að um einstök atriði hefur verið að því fundið, að félagsmannaskrár þeirra félaga, sem í L. Í. V. voru, væru ófullkomnar og fullnægðu ekki ákvæðum 8. gr. alþýðusambandslaganna, en að því efni verður vikið síðar. Þá var það einnig gagnrýnt í sambandi við flutning þessarar tillögu, að í félögum L. Í. V. væru ýmsir menn, sem ekki gætu talist launþegar. Þau urðu endalok þessa máls á alþýðusambandsþingi, að framangreind tillaga var samþykkt með 198 atkvæðum gegn 129. Kom því ekki til atkvæða önnur tillaga sem flutt var af 19 þingfulltrúum og var á þessa leið:

„27 þing Alþýðusambands Íslands samþykkir að veita Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna viðtöku í Alþýðusamband Íslands, með því skilyrði, að lög landsambandsins og félaga þess verði færð til samræmis við lög ASÍ og meðlimaskrá félaganna endurskoðaðar, svo

þar verði ekki aðrir en þeir, er til þess hafa réttindi samkvæmt lögum og reglum alþýðusambandsins, þ. e. launþegar, en ekki atvinnurekendur eða menn með þá aðstöðu.“

Hér fyrir dómi hefur fyrsti flutningsmaður þessarar tilögðu, Jón Sigurðsson fv. framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, lýst því, að eigi hafi átt að felast í henni það álit, að samþykktir stefnanda væru í ósamræmi við lög alþýðusambandsins, heldur hafi hér verið um það form að ræða fyrir inntöku félaga, sem venjulega sé fylgt.

Ekki verður séð af skjölum málsins, að stefnandi hafi fengið nokkra tilkynningu um afgreiðslu inntökubeiðningar né honum gert viðvart um það, í hverju samþykktum hans væri áfátt eða hvað væri athugavert við félagskrárnar. Eftir þessi málalok hófst stefnandi handa um það, að fá rétt sinn til inngöngu í Alþýðusamband Íslands viðurkenndan með dómi og höfðaði mál þetta svo sem að framan greinir.

### *Sjónarmið stefnanda.*

Kröfu sína um félagsréttindi í Alþýðusambandi Íslands byggir stefnandi á því, að Landssamband íslenzkra verzlunarmanna sé samtök launþega, þ. e. fólks, sem vinnur skrifstofu- og verzlunarstörf. Fullnægi félög þau öll, sem í sambandinu séu, skilyrðum laga nr. 80/1938 til að vera stéttarfélög í merkingu þeirra laga. Markmið og tilgangur samtakanna sé sá, að gæta hagsmuna félagsmanna sinna um kaup og kjör og fara með fyrirsvar þeirra í hagsmunamálum félagsmanna. Þá kveður hann, að bæði samþykktir hinna einstöku félaga innan L. Í. V. og lög sambandsins sjálfs séu í fullu samræmi við lög Alþýðusambands Íslands. Af þessu leiði, að stefnandi eigi bæði að landslögum og lögum alþýðusambandsins rétt til inngöngu í það samband. Bendir hann í því sambandi á það, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938 eigi menn rétt á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd og í 2. gr. sömu laga sé boðið, að stéttarfélög skuli vera opin fyrir öllum í hlutaðeigandi starfsgrein. Að vísu sé ekki tekið upp í

nefnda grein tilsvarandi ákvæði um stéttarfélagasambönd, en af eðli málsins leiði, að það sama eigi við um þau. Í lögum Alþýðusambands Íslands sé líka gert ráð fyrir því, að stéttarfélagasambönd séu innan vébanda þess, og séu tvö slík sambönd í því — Sjómannasambandið og Landsamband vörubifreiðastjóra, en það síðarnefnda sé reyndar í eðli sínu ekki eiginlegt launþegasamband, gagnstætt L. Í. V. Þá kveður stefnandi einnig, að á það beri að lita, er meta skuli rétt hans til inngöngu, að alþýðusambandið sé sá aðili þjóðfélagsins, er mestu ráði um kaup og kjör í landinu. Afstaða þess sé mjög þungt lóð í efnahagsmálum þjóðarinnar og áhrif þess á þjóðfélagsheildina margvísleg. Að lögum komi það oft fram sem fulltrúi launþeganna í landinu, t. d. með því að tilnefna menn í nefndir og ráð. Af þessum sökum geti það skipt launþega hagsmunalega miklu máli að vera í því. Þá bendir stefnandi og á það, að stefndi byggi synjun sína um inngöngu L. Í. V. í alþýðusambandið fyrst og fremst á því, að ótímabært sé, vegna skipulagsmála þess síðarnefnda, að veita L. Í. V. inngöngu. Þessi ástæða geti þó ekki verið neitt höfuðatriði vegna þess, að skipulag L. Í. V. sé einmitt af þeirri gerð, sem að sé stefnt í alþýðusambandinu. Loks heldur stefnandi því fram, að hann fullnægi í einstökum atriðum öllum inntökuskilyrðum.

#### *Afstaða stefnda.*

Af hálfu stefnda, Alþýðusambands Íslands, er því eindregið haldið fram í flutningi málsins hér fyrir dómi, að stéttarfélagasambönd, og þá einnig stefndi, séu frjáls félagasambönd, er ráði sjálf málefnum sínum og þá ekki sízt því mikilvæga atriði, hverjum þau veiti inngöngu í samtök sín. Mótmælir hann því, að ákvæði 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi við um stéttarfélagasambönd. Ákvæði hennar miði að því, að tryggja rétt einstaklingsins og hagsmuni þá, sem hann eigi undir því að vera í stéttarfélagi starfsgreinar sinnar, en óheimilt sé að lögjafna frá þessu ákvæði til félagsamtaka. Þar ráði allt önnur sjónarmið. Þetta komi líka bert í ljós af því, að felld hafi verið á al-

þingi, er frv. til laga um stéttarfélög og vinnudeilur var til umræðu, breytingartillaga við 2. gr. þess efnis, að stéttarfélagasamböndum væri skylt að veita stéttarfélögum inngöngu. Þá heldur stefndi því einnig fram, að það hafi út af fyrir sig verið gild ástæða til þess að synja stefnanda um inngöngu í alþýðusambandið, að skipulagsmál þess væru í deiglunni, en svo hafi verið 1960, og enn séu þau mál óleyst og því fullkomlega réttmætt að synja L. Í. V. um inngöngu, meðan svo sé ástatt um innri málefni sambandsins. Loks telur stefndi, að L. Í. V. fullnægi engan veginn skilyrðum til þess að fá inngöngu í alþýðusambandið, vegna þess að ekki sé tryggt samkvæmt samþykktum L. Í. V., að það sé hreint launþegasamband, og auk þess sé félagaskrá þeirra félaga, sem í því eru, að ýmsu leyti áfátt. Leiði öll þessi atriði til þess, að stefnandi eigi ekki lögvarinn rétt til inngöngu í alþýðusambandið, enda eigi hann enga hagsmuni undir því.

#### *Viðhorf dómsins.*

##### *1) Markmið og hlutverk L. Í. V.*

Í 2. gr. samþykktu Landssambands íslenskra verzlunarmanna segir, að tilgangur sambandsins sé að efla samtök skrifstofu- og verzlunarfólks, vera málssvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra. Þessum tilgangi hyggst sambandið samkvæmt 3. gr. samþykktanna ná með því, að gangast fyrir stofnun verzlunarmannafélaga, hvar sem er á landinu, hafa sem nánasta samvinnu við þau félög, sem í sambandinu eru, og styðja þau eftir mætti í hagsmunamálum þeirra. Samkvæmt 4. gr. geta öll verzlunarmannafélög, sem uppfylla skilyrði samþykktanna, verið í sambandinu, en skilja verður orðið verzlunar- eða skrifstofumaður í þessu sambandi svo, að þar sé átt við launþega, enda eru ótvíræð ákvæði í samþykktum allra þeirra félaga, sem eru í L. Í. V. um það, að innganga í þau sé því skilyrði bundin, að innsækjandi sé launþegi í verzlunarstétt. Kemur það og heim við ákvæði 29. gr. sömu samþykktu L. Í. V., sem kveður svo á, að ekkert félag megi vera í sambandinu, nema það skyldi féлага

sína til þess að halda kauptaxta og samninga annarra félaga í sambandinu, en það ákvæði mun vera í samræmi við það sem venjulegt er að standi í lögum stéttarfélagasambanda. L. Í. V. er því ótvírætt samband launþega, og getur það engu breytt um eðli þess, þótt meðal félagsmanna kunni að finnast einhverjir, sem ekki eiga lögvarinn rétt til inngöngu, sbr. dóm Félagsdóms í málinu nr. 3/1945: Alþýðusamband Íslands f. h. Verzlunarmannafélags Vestmannaeyja gegn Félagi kaupsýslumanna í Vestmannaeyjum. Mun það og eigi óalgengt hérlendis, að menn haldi áfram að vera í stéttarfélagi sínu, þótt þeir skipti um starfsgrein.

## 2) Lög Alþýðusambands Íslands.

Samkvæmt lögum þess er það samtakaheild islenzkrar alþýðu í verkalýðsmálum með því hlutverki að hafa forystu í stéttabaráttu og félagsstarfsemi alþýðunnar á Íslandi í málum atvinnustéttanna. Í 4. gr. segir, að höfuðatriðin í starfsemi sambandsins séu m. a. að gangast fyrir stofnun stéttarféлага og tryggja að þau séu í sambandinu. Þá segir svo í 5. gr., að með orðinu stéttarfélag sé átt við hvers konar verklýðsfélög, iðnfélög og önnur stéttarfélag, jafnt iðnlærðra manna sem annarra, er samkvæmt tilgangi sínum og starfsemi geti verið í alþýðusamtökunum. Í 6. gr. er svo mælt, að félög sömu eða líkra starfsgreina geti „gert samband með sér og hafa slík stéttarsambönd einnig rétt til þátttöku í Alþýðusambandinu með sömu takmörkunum og stéttarfélag eftir því, sem við á“. Samkvæmt 17. gr. greiðir hvert félag eða stéttarfélagasamband, sem er í alþýðusambandinu, skatt af félagsmönnum sínum. Loks segir í 51. gr., að félög sömu atvinnustéttar geti gert með sér samband, er nái um land allt.

Af því, sem nú hefur verið rakið um markmið, starfsháttu og skipulag L. Í. V. og Alþýðusambands Íslands, verður að telja, að stefnandi (L. Í. V.) sé samband þess konar stéttarféлага, sem stefndi, Alþýðusamband Íslands, hefur að markmiði samkvæmt 4. gr. laga sinna að fá í sambandið og halda þeim þar. Verður því eigi talið, að

alþýðusambandið fái út af fyrir sig byggt synjun sína um að veita L. Í. V. félagsréttindi á eigind þess, þ. e. að þar sé ekki um hreint launþegasamband að ræða. Sama máli gegnir um þá ástæðu, sem borin var fram á alþýðusambandsþinginu 1960 og fólst í tillögu þeirri, sem samþykkt var þar þá og lýst er hér að framan, að „synja um sinn inntökubeiðni Landssambands íslenskra verzlunarmanna, meðan skipulagsmál alþýðusambandsins eru í deiglu“.

Er það ósannað gegn mótmælum stefnanda, að skipulags-hættir L. Í. V. gætu á nokkurn hátt, þótt það samband fengi inngöngu í alþýðusambandið, staðið í vegi fyrir skipu-lagsbreytingum á hinu síðar nefnda.

3. Næst kemur þá til álita, hvort stefndi geti farið að eigin geðþótta um það, hverjum hann veitir inngöngu í alþýðusambandið eða hvort stefnandi (L. Í. V.) eigi rétt til inngöngu samkvæmt landslögum.

Í 1. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur er viðurkenndur réttur manna til þess að stofna stéttarfélag og stéttarfélagasamband, til þess að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verklyðsstéttarinnar og launtaka yfir-leitt, og í 13. gr. sömu laga er stéttarfélagum og sambönd-um stéttarféлага heimilað að semja um gagnkvæman stuðning. Þá er í 3. gr. laganna gert ráð fyrir því, að stéttarfélagasambönd geti gert bindandi kjarasamning vegna félagsmanna þeirra stéttarféлага, sem í samband-inu eru. Loks eru sambönd verklyðsfélaga samkvæmt 45. gr. nefndra laga lögmæltir umboðsm. þeirra féлага, sem í þeim eru, í málarekstri fyrir Félagsdómi.

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 80/1938 ráða stétt-arfélögin sjálf málefnum sínum með þeim takmörkunum, sem lögin setja, og verður að skýra þetta ákvæði svo, að það frjálsræði eigi einnig við um stéttarfélagasambönd, enda í samræmi við það félagafrelsi, sem 1. gr. laganna tryggir. Í 2. gr. laganna eru félagafrelsi stéttarfélaganna þó settar nokkrar skorður, því þar er svo mælt, að stéttar-félög skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein. Að því er stéttarfélögin varðar, verður að skilja þetta ákvæði svo, að verið sé að tryggja launþegum almennt, að mögu-



leikar þeirra til vinnu á hinum almenna vinnumarkaði í starfsgrein þeirra, séu eigi skertir með því, að stéttarfélag, sem fengið hefur með kjarasamningi forgangsrétt til vinnu hjá vinnuveitendum, láti hentisemi ráða því, hvaða launþegar innan starfsgreinarinnar geti notið góðs af þeirri aðstöðu, sem náðst hefur. En auk þessara starfslegu hagsmuna, sem ákvæði 2. gr. laga nr. 80/1938 taka til og miðast við, verður að telja, að ákvæði hennar feli einnig í sér rétt launþegum til handa til þess að geta með starfsemi sinni í stéttarfélagi því, sem hlut á að máli, haft áhrif á hagsmunabaráttu þess í starfsgrein þeirri, sem um er að ræða, sbr. dóm Félagsdóms í málinu nr. 2/1942: Steingrímur Aðalsteinsson gegn Verklýðsfélagi Akureyrar.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram í málinu, að þar sem það sé eigi tekið fram beinlínis í 2. gr. laganna, að stéttarfélagasambönd skuli vera opin stéttarfélagum, sé óheimilt að leiða slíkan rétt stéttarfélagum til handa af ákvæðum hennar. Bendir hann í því sambandi á það, að við afgreiðslu málsins á alþingi, er lög nr. 80/1938 voru til umræðu, hafi verið felld breytingartillaga, er gekk í þá átt, að stéttarsambönd skyldu vera opin öllum stéttarfélagum. Þetta getur þó eigi ráðið neinum úrslitum. Verður þar að hafa í huga, að þegar nefnd lög voru sett, var skipulag Alþýðusambands Íslands allt annað en nú. Alþýðusambandsþingið var þá jafnframt flokksþing ákveðins stjórnmalaflokks, og því eigi eðlilegt, að það væri tekið beint fram í lögum, að ópólitísk starfsgreinafélög ættu rétt til inngöngu í það. Þetta stjórnmalaeinkenni alþýðusambandsins þá kemur og ljóst fram af nefndri breytingartillögu, því hún var nánar tiltekið á þá leið, að stéttarsamband skyldi vera opið öllum stéttarfélagum — að allir meðlimir stéttarfélaganna skyldu kjör-gengir til allra stjórnarstarfa og trúnaðarstarfa sambandsins án tillits til þess, hvaða *stjórnmalaflokki þeir fylgdu*. Árið 1940 var skipulagi alþýðusambandsins hins vegar breytt. Verður það þá hreint stéttarfélagasamband, slitið úr hinum nánu tengslum við þann stjórnmalaflokk, er það var í áður, með því skipulagi og markmiði, sem áður hefur

verið lýst, að gangast fyrir stofnun stéttarféлага og tryggja, að þau séu í sambandinu, til þess að það geti gegnt því hlutverki, að hafa forystu í stéttarbaráttu og félagsstarfsemi atvinnustéttanna hér á landi. Hefur það, svo sem alkunnugt er, nú náð því áhrifavaldi, að það er sterkur aðili innan þjóðfélagsins og afstaða þess til launakjara og efnahagsráðstafana allra þung á metunum og skiptir launþega miklu máli. Þá er Alþýðusamband Íslands í mörgum tilfellum lögmæltur fulltrúi launþega um hlutdeild í mörgum stjórnarnefndum, sem fjalla um málefni launþega og hagsmuni þeirra.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er það ríkt hagsmunamál stéttarféлага að hafa aðstöðu til áhrifa á starfsemi og stjórn Alþýðusambands Íslands og á það jafnt við um sambönd stéttarféлага. Þykja lagarök, eðli máls og grundvallarreglur 2. gr. laga nr. 80/1938 leiða til þess, að stéttarfélag og sambönd stéttarféлага eigi rétt til inngöngu í heildarsamband vinnustéttanna, Alþýðusamband Íslands, ef fullnægt er reglum og skilyrðum í lögum þess.

Með vísun til þessa verður að telja, að Landssamband íslenzkra verzlunarmanna eigi að lögum rétt til félagsréttinda í Alþýðusambandi Íslands að fullnægðum þeim inntökuskilyrðum, sem stefnda er rétt að setja fyrir inngöngu í alþýðusambandið og lög þess fela í sér, enda mundi það leiða til félagslegs misréttis, ef alþýðusambandið, sem þegar hefur veitt inngöngu tveimur þeirra verzlunarmannafélaga, sem nú eru í L. Í. V., gæti synjað öðrum hliðstæðum félögum verzlunar- og skrifstofufólks um inngöngu.

4) Af hálfu stefnda hefur því loks verið haldið fram, að stefnandi fullnægi ekki í einstökum atriðum inntökuskilyrðum þeim, sem alþýðusambandið setur.

Svo sem áður getur, virðist því hafa verið haldið fram á alþýðusambandsþinginu 1960, að á skorti í ýmsum atriðum, að stefnandi fullnægði inntökuskilyrðum. Stefnanda var þó eigi af stefnda hálfu gefið til kynna, hverju áfátt væri, enda þótt þessi almennu mótmæli væru höfð uppi í flutningi málsins hér fyrir dómi. Hins vegar lagði stefn-

andi hvorki fram samþykktir hinna einstöku félaga né félagaskrár þeirra. Í tilefni af þessu úrskurðaði Félagsdómur 21. júní s. l. samkvæmt heimild í 56. gr. laga nr. 80/1938, að stefnandi skyldi leggja fram samþykktir og félagaskrár allra þeirra félaga, sem væru í Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna. Jafnframt ákvað dómurinn í úrskurði þessum, að stefndi skyldi því næst tjá sig um hverja samþykkt fyrir sig og lýsa atriðum þeim, er hann teldi eigi samrýmast lögum alþýðusambandsins, og á sama hátt skyldi hann rannsaka félagaskrárnar. Stefndi lagði því næst samþykktirnar og félagaskrárnar fram í þinghaldi 13. sept. s.l. Fékk stefndi þá frest til að tjá sig um þær til 12. október s.l., og ritaði hann þá greinargerð af sinni hálfu. Leggur hann þar áherzlu á, að í máli þessu sé fyrst og fremst um það höfuðatriði deilt, hvort stefnandi eigi almennt lögvarinn rétt til inngöngu í alþýðusambandið, en bendir ekki, þrátt fyrir þetta tilefni, sérstaklega á neina þá ágalla á samþykktum eða skráum félaganna, er að álitu dómsins hamla því, að krafa stefnanda í máli þessu verði tekin til greina.

Svo sem vikið hefur verið að eru tvö af þeim félögum, sem nú eru í L. Í. V. þegar félagar í alþýðusambandinu. Hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnanda, að sjálfstæð aðild þeirra að Alþýðusambandi Íslands falli niður, fái L. Í. V. félagsréttindi í sambandinu. Er hér um framkvæmdaatriði að ræða, sem taka verður tillit til við inngöngu L. Í. V. í alþýðusambandið, en hefur ekki áhrif á rétt þess til inngöngu í sambandið.

Með vísun til alls þess, er nú hefur verið rakið, ber að taka dómkröfu stefnanda um félagsréttindi í Alþýðusambandi Íslands til greina.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Stefnda, Alþýðusambandi Íslands, er skylt að veita stefnanda, Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna, inn-

göngu í sambandið með fullum og óskertum réttindum sem stéttarfélagasambandi.

Málskostnaður fellur niður.

**Sératkvæði Benedikts Sigurjónssonar og Ragnars Ólafssonar.**

Mál þetta, sem dómtekið var eftir munnlegan málf lutning hinn 26. f. m., hefur Landssamband íslenzkra verzlunarmanna höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni 5. apríl 1961, gegn Alþýðusambandi Íslands og haft uppi þessar dómkröfur:

Að stefnda, Alþýðusamband Íslands, verði með dómi skyldað til að veita stefnanda, Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna, inngöngu í Alþýðusamband Íslands með fullum og óskertum réttindum sem stéttarfélagasambandi. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefnda verði dæmt til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnda hefur krafizt þess, að sambandið verði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda og því dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnda krafðist upphaflega, að máli þessu yrði vísað frá Félagsdómi, og með dómi, uppkveðnum 22. febrúar 1962, var máli þessu vísað frá dómum. Þeim dómi var skotið til Hæstaréttar, og með dómi, uppkveðnum 4. apríl s.l., dæmdi Hæstiréttur, að Félagsdómur skyldi fjalla um mál þetta.

Málsatvik eru í stuttu máli þau, að hinn 2. júní 1957 stofnuðu nokkur félög skrifstofu- og verzlunarfólks svonefnt Landssamband íslenzkra verzlunarmanna, stefnanda í máli þessu. Á öðru þingi stefnanda í maímánuði 1959 var samþykkt að sækja um inngöngu í stefnda, Alþýðusamband Íslands. Virðist þá hafa verið talið, að í Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna væru 20 félög.

Hinn 14. júlí 1960 mun stefnandi síðan hafa sótt um inngöngu í Alþýðusamband Íslands. Miðstjórn stefnda sendi umsókn þessa, svo sem venja mun vera, til millipinganefndar sinnar í laga- og skipulagsmálum, sem skyldi gefa umsögn um inntökubeiðnina. Samkvæmt því, sem haldið er fram í málinu og eigi hefur verið véfengt, náðist ekki samkomulag í nefnd þessari um málið. Munu nokkrir nefndarmanna hafa lagt til, að stefnanda yrði synjað um inngöngu, þar sem skipulagsmál stefnda væru enn í deigluinni, enda væri skipulag stefnanda annað en skipulag þeirra starfsgreinasambanda, er þegar væru félagar innan stefnda. Hinn hluti nefndarinnar mun hins vegar hafa viljað mæla með því, að stefnanda yrði veitt innganga að tilskyldum nokkrum breytingum á samþykktum og að undangenginni endurskoðun á félagaskrá hinna ýmsu félaga. Með hliðsjón af þessu mun miðstjórn stefnda síðan hafa synjað stefnanda um inngöngu. Mál þetta kom fyrir aðalfund stefnda, alþýðusambandsþing, á árinu 1960. Á aðalfundinum var samþykkt tillaga þess efnis, að staðfest væri sú ákvörðun mið-

stjórnar stefnda að synja stefnanda um inngöngu, meðan skipulagsmál stefnda væru í deigluinni.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefnda sé skylt að veita Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna inngöngu í samtök sín. Þau rök stefnda, að verið væri að vinna að breytingu á skipulagsmálum sambandsins og því óeðlilegt að taka stefnanda inn í sambandið, séu eigi rétt, enda hafi skipulagsmál þessi verið mjög lengi í deigluinni og ekkert útlit fyrir, að þau leystust á næstunni. Í þessu sambandi hefur stefnandi á það bent, að í samtökum stefnda séu að minnsta kosti tvö stéttarfélagasambönd. Þá hefur stefnandi bent á ákvæði 2. mgr. 6. gr. samþykktar stefnda, en þar segir, að félög sömu eða líkra starfsgreina geti gert samband með sér, og hafi slikt stéttarsamband einnig rétt til þáttöku í alþýðusambandinu með sömu takmörkunum og stéttarfélag, eftir því sem við á.

Í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938 sé svo í 1. gr. ákvæðið, að menn skuli eiga rétt á að stofna stéttarfélag og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalyðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt. Þá sé í 2. gr. sömu laga fram tekið, að stéttarfélag skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein. Sama hljóti að gilda, þegar um sé að ræða allsherjarsamtök launþega, stefnda í máli þessu, og félög launþega eða félagasambönd launþega. Þessir aðilar hljóti að eiga rétt til inngöngu í heildarsamtökin. Hefur stefnandi á það bent, að stefnda sé í mörgum tilvikum fyrisvari og fulltrúi allra launþega í landinu og hin einustu heildarsamtök þeirra. Með lögum sé stefnda falin margs konar hagsmunagæzla fyrir allar launastéttir. Áhrif og völd stefnda séu mjög mikil og það hljóti að vera sérhverju launþegafélagi eða launþegasambandi geysilegt hagsmunamál að fá aðild að samtökum stefnda og hljóti stefnandi að eiga rétt á slíkri inngöngu samkvæmt eðli málsins og með lögjöfnun frá fyrrgreindu ákvæði 2. gr. laga nr. 80/1938.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan á því byggð, að stefnandi eigi engan lögvarinn rétt til inngöngu í sambandið. Hið stefnda samband sé frjáls samtök launþegafélaga og auk þess séu í því tvö starfsgreinasambönd. Stefnda ráði sjálft skipulagsmálum sínum og þá einnig því, hverjum það veiti inngöngu. Í þessu sambandi sé algerlega óheimilt að jafna til ákvæða 2. gr. laga nr. 80/1938 um skyldu stéttarfélaga til að veita inngöngu launþegum í þeirri starfsgrein, sem þau starfa í. Það ákvæði sé eðlilegt, að því er stéttarfélagin varði, því það geti verið einstökum launþegum bráð og brýn nauðsyn, starfslega séð, að fá inngöngu, en slikt eigi alls ekki við, að því er varðar stefnanda og kröfu hans um inngöngu í hin stefndu samtök. Hefur af hálfu stefnda verið á það bent, að auk þeirra séu önnur launþegasambönd hér á landi, svo sem Far-

manna- og fiskimannasamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Enn hefur stefndi á það bent, að er frumvarp að lögum nr. 80/1938 var til meðferðar á Alþingi, hafi einmitt komið fram tillaga um, að stéttarsamböndum yrði gert að skyldu að veita stéttarfélagum inngöngu, en sú tillaga hafi verið felld.

Þá hefur af hálfu stefnda verið talið, að í samþykktum stefnanda svo og ýmissa hinna einstöku félaga innan þess, séu ákvæði slík, að eigi sé unnt að veita þeim inngöngu, nema breytingar séu á gerðar. Enn hefur verið talið af hálfu stefnda, að félagaskrár sumra hinna einstöku félaga væru gallaðar. Af stefnda hendi hefur ur og verið á það bent, að innan stefnanda séu tvö stéttarfélög, sem einnig séu nú sjálfstæðir félagar Alþýðusambands Íslands.

Svo sem áður getur, segir í 1. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, að menn eigi rétt á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt. Í 2. gr. laganna segir, að stéttarfélög skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Hefur þetta ákvæði verið skýrt á þann hátt, að stéttarfélög séu skyld að veita inngöngu þeim mönnum, er sanni, að þeir hafi starfslega hagsmuni af því að vera félagsmenn, enda komi ekki til önnur atriði, er útiloki þá frá þátttöku. Í 2. gr. er hins vegar ekkert getið um stéttarfélagasambönd. Í 3. gr. laganna er tekið fram, að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem sett séu í lögnum. Þá er tekið fram, að einstakir meðlimir félaganna séu bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, er þeir kunna að vera í. Í 5. gr. segir að stéttarfélög séu lögformlegir samningsaðilar um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. Í 14. gr. segir, að stéttarfélögum sé heimilt að gera verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum skv. lögnum. Í 15. gr. laganna eru ákvæði um það, hvernig til skuli haga, þegar vinnustöðvun er ákveðin.

Í samþykktum stefnda, þeim er nú gilda, er fram tekið, að það sé samtakaheild islenzkrar alþýðu í verkalýðsmálum. Hlutverk stefnda sé, að hafa forystu í stéttarbaráttunni og félagsstarfsemi alþýðunnar á Íslandi í málum atvinnustéttanna, með það takmark fyrir augum, að þeim stéttum verði veitt sambærileg kjör og sami réttur og öðrum stéttum í landinu. Þá er í samþykktunum fram tekið, að höfuðatriði í starfsemi sambandsins sé að gangast fyrir stofnun stéttarféлага, styðja þau og efla hagsmunabaráttu þeirra. Í 6. gr. samþykktanna segir, að í alþýðusambandið megi taka öll

islenzk stéttarfélög, sem gangast vilja undir lög þess, þó eigi fleiri en eitt félag úr sömu atvinnugrein á sama stað, enda sé félagið ekki þátttakandi í neinu öðru verkalýðssambandi. Í samþykktum stefnda kemur hvergi fram, að það hafi heimild til að gera kaup- og kjarasamninga fyrir félaga sína, og eigi hefur það rétt til að gera verkfall eða ákveða um, að verkfall skuli gert.

Samkvæmt samþykktum Landssambands islenzkra verzlunarmanna er tilgangur þeirra samtaka að efla samtök skrifstofu- og verzlunarmanna, vera málsvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra.

Hér að framan hafa verið rakin ákvæði laga nr. 80/1938, þau, er hér skipta máli. Af lögum þessum er ljóst, að stéttarfélög og stéttarfélagasambönd eru algerlega sjálfráð um málefni sín nema í þeim tilvikum, þar sem lögín bjóða annað. Frekar virðist ekki heimilt að takmarka sjálfsvörðunarrétt þessara aðilja. Stefnandi hefur ekki leitt í ljós, að hann hafi þá lögvörðu hagsmuni til inngöngu í hin stefndu samtök, sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 80/1938, og ekki verður heldur séð, að hann geti reist þá kröfu sína á samþykktum stefnda. Eru því ekki lagarök til þess að bjóða með dómi, að hin stefndu samtök verði skylduð til að veita stefnanda inngöngu.

Með vísan til þessa þykir þegar af þessari ástæðu verða að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Stefnda, Alþýðusamband Íslands, skal vera sýknt af kröfum stefnanda, Landssambands islenzkra verzlunarmanna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---